



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 58. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í ráðhúsi  
Hornafirði 3. hæð,  
16. maí 2018, kl. 11:00.**

### Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaganna, Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður og Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

**Fundargerð ritaði:** Björn Ingi Jónsson, formaður.

### 1. Jökulsárlón: Umsókn um þróunarleyfi - 1805007

#### Gestir

Vésteinn Fjölfnisson - 11:30

Sigurður Gunnar Jónsson - 11:30

*Umsókn um leyfi til þróunar nýsköpunar í ferðaþjónustu. Umsóknin varðar ferðir á svifnökkva frá Veðurárlóni inn á norðanvert Jökulsárlón. Upphaf og endir ferða yrði frá Hala í Suðursveit og ekki er um að ræða neina uppbyggingu innan þjóðgarðs. Óskað er eftir leyfi til ferða á tímabilinu frá 1. janúar 2019 til 1. maí 2019, frá 1. nóvember 2019 - 1. maí 2020 og frá 1. nóvember til 31. desember 2020. Að þessum tíma loknum mun svæðisráð meta útkomu verkefnisins, meðal annars með tilliti til náttúru svæðisins og upplifunar.*

*Svæðisráð mælir með veitingu leyfisins en þar sem stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna og skipulag fyrir Jökulsárlón er ekki til staðar er ekki hægt að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.*

### 2. Atvinnustefna - 1709017

*Björn Ingi kynnti vinnu við atvinnustefnu. Stjórn hefur falið framkvæmdastjóra að senda dröggin frá 2013 til samtaka ferðaþjónustuaðila til umsagnar ásamt drögum að samningum.*

### 3. Skaftafell: Fyrirspurn um framtíðaráform veitingareksturs VJP - 1805008

*Samkvæmt ákvörðun stjórnar frá fundi nr. 118 er komin í gang skoðun á umfangi og rekstri veitingaþjónustu í Skaftafelli og hver framtíð hennar verður.*

### 4. Stjórn- og verndaráætlun - 1709012

*Björn Ingi fór yfir stöðu mála. Samantekt á athugasemdum mun verða tekin fyrir í svæðisráði.*

*Svæðisráð leggur enn einu sinni áherslu á að unnin verði stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand sem varð partur af Vatnajökulspjóðgarði 2017.*

**5. Reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð - 1709004**

*Stjórn hefur afgreitt drög að reglugerðarbreytingu sem bíður þess nú að fara í umsagnarferli.*

**6. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015**

*Á 118. fundi stjórnar þjóðgarðsins var svæðisráði suðursvæðis falið að stýra og fylgja eftir skipulagsvinnu á svæðinu og vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið. Snævarr kynnti sögu svæðisins út frá árfarvegum og öðrum náttúruferlabærum og lagði til að tekið yrði tillit til þessarar sögu við skipulagsframkvæmdir. Miklar umræður sköpuðust um skipulagsmál við Jökulsárlón og lögð áhersla á að þeirri vinnu verði hraðað. Svæðisráð leggur til að það svæði sem þegar hefur verið raskað verði framtíðaruppbyggingarsvæði. Ef ekki næst samkomulag um skipulag og uppbyggingu á því svæði, verður að leita leiða austar á sandinum, með það fyrir augum að vernda náttúru og sögu svæðisins eins og hægt er. Lögð er fram tillaga um bráðabirgðaframkvæmdir frá GlámuKím T21.01 frá 4. maí 2018. Svæðisráð er sammála um að fela formanni svæðisráðs og þjóðgarðsvörðum að halda áfram að vinna að skipulaginu út frá þeirri hugmynd og leggja fyrir svæðisráð.*

**7. Útboðsmál bráðabirgðasalerni Jökulsárlón - 1805003**

*Svæðisráð er sammála að bráðabirgðastaðsetning salernis verði í samræmi við staðsetningu á fyrirliggjandi tillögu T21.01.*

**8. Veðurárlón: bráðabirgða göngubru - 1712003**

*Vísað í fyrri afgreiðslu svæðisráðs frá fundi 55.*

**9. Hrollaugshólar: Salerni. Framtíðarsýn - 1805013**

*Svæðisráð óskar eftir að starfsmenn þjóðgarðsins ræði við starfsmenn Vegagerðarinnar um málið.*

**10. Jökulsárlón: Umsókn um siglingar - 1805010**

*Í ljósi þeirra samninga sem Vatnajökulspjóðgarður yfirtók við friðlýsingu svæðisins og að stjórnunar- og verndaráætlun og skipulag fyrir svæðið er ekki tilbúið, getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir starfsemi af þessari tegund á svæðinu.*

**11. Umsókn um starfsleyfi - 1802003**

*Svæðisráð mælir með að IceGuide verði veitt leyfi til kajaksiglinga á Heinabergslóni og Jökulsárlóni sumarið 2018.*

*Svæðisráð mælir með veitingu leyfisins en þar sem stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna og skipulag fyrir Jökulsárlón er ekki til staðar er ekki hægt að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.*

**12. Breiðamerkursandur: Umsókn um fat bike ferðir - 1805012**

*Á meðan stjórnunar- og verndaráætlun og skipulag fyrir svæðið liggja ekki fyrir, getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir starfsemi af þessu tagi.*

**13. Umsókn um starfsleyfi og fjórhjólaferðir - 1805011**

*Á meðan stjórnunar- og verndaráætlun og skipulag fyrir svæðið liggja ekki fyrir, getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir starfsemi af þessu tagi.*

**14. Almannaþing: Svínafellsheiði - 1805014**

*Lagt fram til umhugsunar og kynningar.*

Helga Árnadóttir vék af fundi undir þessum lið.

**15. Umsóknir um starf þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - 1805009**

*Alls bárust 17 umsóknir um auglýst starf þjóðgarðsvarðar á suðursvæði.*

*Eftir yfirferð á mati á umsóknum og viðtölum er það tillaga svæðisráðs suðursvæðis að Helga Árnadóttir, núverandi aðstoðarþjóðgarðsvörð á suðursvæði verði ráðin í auglýsta stöðu.*

*Jafnframt leggur svæðisráð áherslu á að hraða þeirri vinnu að skilgreindar verði 2 stóður þjóðgarðsvarða á suðursvæði vegna mikils og aukins umfangs á svæðinu og brýnna verkefna framundan.*

Fundi slitið kl. 15:00.

---

---